

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

408. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 29.05.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins undir lið 8 voru Jón H. Sigurðsson frá pwc og Sigrún Guðmundsdóttir frá endurskoðunarnefnd SORPU og undir lið 3 Sveinbjörn Grímsson frá KPMG. Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðvanna sat fundinn undir liðum 1,2 og 6.

Tekið fyrir:

1. Staðsetning og uppbygging nýrra endurvinnslustöðva

Lögð fram og kynnt frummatsskýrsla VSÓ á staðarvalsgreiningu fyrir staðsetningu endurvinnslustöðva. Jafnframt kynnt drög að minnisblaði framkvæmdastjóra um málefnið. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra um að senda erindi á Kópavogsbæ og Garðabæ um möguleika á lóð undir endurvinnslustöð við Hafnarfjarðarveg í samræmi við minnisblaðið.

2. Bréf Reykjavíkurborgar – ósk um morgunopnun á Sævarhöfða

Lagt fram uppfært minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna í samræmi við ákvörðun síðasta fundar um áhrif þess að endurvinnslustöðin á Sævarhöfða verði opin alla morgna. Áætlaður brúttó kostnaður er um 30 milljónir. Einnig kynntar tölur um umferðarmagn í móttökustöðina í Gufunesi. Málinu frestað.

3. Stefnumótun stjórnar

Ráðgjafi KPMG kynnir stöðu verkefnisins, hvað er komið og hvað vantar. Málið rætt.

4. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar / framvinda

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað um framvindu verkefnisins. Í lok apríl er áfallinn kostnaður 916 millj, búið er að steypa um 58% af áætluðu steypumagni og staða verkefnisins er um 40%. Verkið er á áætlun en gera má ráð fyrir að SORPA þurfi að óska seinni hluta framlags vegna verkefnisins í ágúst / september nk.

5. Samanburður reksturs og áætlunar

Framkvæmdastjóri kynnir óendurskoðaðan samanburð reksturs og áætlunar fyrstu 3 mánuði ársins 2019.

6. Verksamningur og þjónustusamningur vegna grenndargámakerfisins

Lagt fram minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna um þjónustusamning SORPU og sveitarfélaganna um rekstur grenndargámakerfisins og samning SORPU við verktaka um verkefnið. Farið er yfir hutverk hvers og eins. Málið rætt.

7. Erindi Flokks fólksins um 3ja tunnu kerfi í Reykjavík

Lagt fram erindi Flokks fólksins frá fundi Borgarráðs Reykjavíkur þann 2.maí sl. um þriggja tunnu kerfi í Reykjavík. Framkvæmdastjóri kynnir drög að svari.

8. Skýrsla innri endurskoðanda pwc og umsögn endurskoðunarnefndar SORPU

Lögð fram og kynnt skýrsla pwc um innri endurskoðun SORPU bs. Jafnframt lögð fram umsögn endurskoðunarnefndar SORPU bs. um sama málefni. Málið rætt.

9. Umsagnarbeiðni Samkeppniseftirlitsins vegna metan

Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um svarbréf Samkeppniseftirlitsins dagsett 23. maí 2019 um endurupptöku skilyrða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2012.

10. Minnisblað framkvæmdastjóra um stöðu förgunar á höfuðborgarsvæðinu frá 12. apríl sl.

Efni minnisblaðsins rætt að beiðni Kolbrúnar Þorsteinsdóttur, fulltrúa Mosfellsbæjar.

Næsti fundur

Næstu fundir ákveðnir þann 26. júní kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 10:15

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir